

397. fundur.

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 13.október 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, varaformaður
Dagný Þórisdóttir, varamaður
Davið Sveinsson,
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Varaformaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórnun.

1. Fundargerðir.
 - 1.1. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 10.10.2005.
Fundargerðin samþykkt. Rætt um endurmenntun kennara og reglur þar að lútandi, einnig rætt um skipulag á forfallakennslu í Grunnskólanum.
 - 1.2. Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 10.10.2005.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.3. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 26.9.2005.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 5.10.2005.
Fundargerð framlögð. Liðir 1, 2, 4, 5, 6, 12 og 13 samþykktir. Fundargerð samþykkt.
 - 1.5. Fundargerð stefnumörkunarnefndar um húsnæðismál grunn- og tónlistarskóla, dags. 6.10.2005.
Fundargerðin samþykkt.
2. Lóðarumsóknir.
 - 2.1. Íslandspóstur sækir um lóð við Aðalgötu, reit N og K sbr. 393/13.c.
Samþykkt að veita Íslandspósti lóð á reitum N og K við Aðalgötu, með því skilyrði að þeir kaupi hús við Aðalgötu 21 og Stykkishólmsbær ljúki samningum við eigendur Jaðars um flutning af lóðinni. Davíð sat hjá.
 - 2.2. Hinrik Axelsson og Hanna María Björgvinsdóttir sækja um lóð við Skúlagötu.
Þessi lóð er ekki á skipulagi og umsókn því hafnað.
3. Frágangur á lóð við Norska húsið.
Aldís Sigurðardóttir og Gunnar Kristjánsson komu á fundinn vegna frágangs lóðar við Norska húsið. Samþykkt að Stykkishólmsbær verði í samvinnu um frágang á svæðinu.
4. Bréf Veðurstofu Íslands, dags. 27.09.2005.
Framlagt. Aldís og Gunnar komu fram með sín sjónarmið og viku síðan af fundi.
5. Vistvernd í verki.
Framlagt. Samþykkt að gera samning við Landvernd.
6. Tjarnarás 13, kauptilboð.
Kauptilboð í Tjarnarás 13 samþykkt.

7. Leigusamningur vegna Hafnargötu 7.
Leigusamningur vegna Hafnargötu 7 samþykktur. Davíð og Dagný sátu hjá.
8. Bréf Ólafs Gíslasonar & Co. hf. / Eldvarnarstöðin, dags. 29.9.2005.
Framlagt.
9. Drög að Byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009.
Framlagt.
10. Bréf frá sjávarútvegsráðherra varðandi byggðakvóta.
Vísað er til bæjarstjórnar að búa til reglur um úthlutum á byggðakvóta, sem kom í hlut Stykkishólmsbæjar.
11. Fyrirspurn frá Davíð um umsókn Berglín ehf. um lóðir fyrir sumarhús.
Málið er í skoðun og samþykkt að bjóða Baldri Bergmann Heiðarssyni á næsta bæjarráðsfund.
12. Vatnasafnið.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við Menntamálaráðuneytið og Art Angels um safnið.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:25

Þór Örn Jónsson, bæjarritari